

Reykjalundur endurhæfing ehf.

15. fundur stjórnar 7. desember 2021 kl. 08.15-10.00 á Teams.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

**1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar og undirritunar.**

Fundargerð 13. fundar stjórnar var lögð fram og samþykkt, undirritun bíður fundar sem ekki verður haldinn á Teams.

**2. Fjárhagsáætlun Reykjalundar endurhæfingar ehf. fyrir árið 2022.**

PM kynnir halla uppá 116 m.kr. í frumáætlun ársins 2022 og áætlaða niðurstöðu ársins 2021 uppá 68 m.kr.

**3. Markmið um hallalausán rekstur – minnisblað til stjórnar.**

PM kynnir að appelsínugult viðbúnaðarstig vegna Covid gildi á RL fram að áramótum áður en hann fer yfir hvaða aðgerðir þarf að ráðast í vegna staðfestingar stjórnar SÍBS á stofnefnahagsreikningi. PM kynnir einnig uppkast að minnisblaði um hallalausán rekstur.

**4. Fundur með forstjóra SÍ.**

ASt formaður stjórnar og GÁ stjórnarmaður funduðu þann 24. nóvember s.l. og áttu góðan og óformlegan fund með forstjóra SÍ og deildarstjóra samningadeildar SÍ.

**5. Stjórnarlausn – minnisblað formanns..**

Á 14. fundi stjórnar í byrjun nóvember s.l. á hvern starfsmenn RL voru ekki boðaðir var rætt um að meira sé að gera í stjórnarstöfunum en gert var ráð fyrir. Ekki mun nást að halda aðalfund á yfirstandandi ári.

**6. Önnur mál.**

- a. Staðan á stofnefnahagsreikningi.

ASt og PM vinna að málinu, niðurstaða þarf að nást fyrir áramót.

- b. Fundur með formanni SÍBS.

ASt og PM áttu fund með formanni SÍBS fyrir stuttu síðan þar sem rætt var um húsnaðið á RL og stofnun rekstrarfélags.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 11. janúar 2022.